



Mannvirkjanefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn mannvirkjanefndar KSÍ vegna tillögu um aukinn fjölda varamanna í mfl. (Þingskjal 12).

Mannvirkjanefnd vekur athygli á mikilvægi aðkomu og samráðs við samband íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að breytingum á kröfum til knattspyrnumannvirkja.

Mannvirkjanefnd vill vekja athygli á því að með þessari breytingu verður til ósamræmi milli greinar 9.6 í *reglugerð KSÍ um knattspyrnumót* og svo greinanna 10.2, 10.3, 14.1 og 14.4 í *reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga*.

Grein 10 - Varamannaskýli (í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga)

Grein þessi gerir í dag kröfur um það að varamannaskýli skulu rúma a.m.k. 14 manns í flokkum A, B og C og a.m.k. 10 manns í flokkum D og E en þó með þeim varnagla að varamannaskýli í 2. deild karla skulu rúma 14 manns.

Umsögn í tengslum við grein 10 - varamannaskýli: breyting á 9. grein *Leikskýrsla* gæti leitt til þess að ofan taldar kröfur hækki upp í 18 manns þar sem nú stendur 14 manns. Hafa ber í huga þann kostnað sem þar gæti lagst á félög. Á fundi nefndar var einnig bent á það að uppfærðar kröfur gætu aðeins átt við um endurnýjanir og nýframkvæmdir og þar með ekki haft íþyngjandi aðgerðir í för með sér strax í upphafi reglugerðarbreytinga.

Grein 14 - Búningsaðstaða (í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga)

Grein þessi gerir í dag kröfur um það að búningsherbergi fyrir bæði lið séu nægjanlega stór til að þar geti 25 manns athafnað sig, þ.e. 11 byrjunarliðsmenn, 7 varamenn og 7 í liðsstjórn. Kröfur þessar eru svo útskýrðar frekar í grein 14.4 um knattspyrnuleikvanga í flokkum A, B og C og 14.5 um knattspyrnuleikvanga í flokkum D og E.

Umsögn í tengslum við grein 14 - búningsaðstaða: breyting á 9. grein *Leikskýrsla* gæti leitt til sams konar breytingu á 14. grein þar sem kröfur um hversu margt fólk búningsaðstaðan geti þjónað hækki þá um 4 manns. Nefndin bendir á kostnaðinn sem þar gæti lagst á félög í landinu og bendir aftur á þann möguleika að auknar kröfur myndu aðeins gilda um endurnýjanir og nýframkvæmdir á búningsaðstöðu.



Mannvirkjanefnd KSI